

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 63/98  
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/526/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna stafræns almenns Evrópufarsíma (2. útgáfa)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/527/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um kröfur vegna talsímaþjónustu með stafrænum almennum Evrópufarsíma (2. útgáfa)<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/528/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna fjarstöðva sem ætlaðar eru til notkunar með almennum Evrópufarsímanetum, II. áfanga, og starfa á DCS 1800-sviðinu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 134, 7.5.1998, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7.5.1998, bls. 71.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 54.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 57.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 60.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/529/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um kröfur vegna talsímaþjónustu með farstöðvum sem ætlaðar eru til notkunar með almennum Evrópufarsímanetum, II. áfanga, og starfa á DCS 1800-sviðinu<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/526/EB fellir úr gildi frá 10. júlí 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/11/EBE, um sameiginlega tæknilega reglugerð varðandi almennar kröfur um tengingu almenns Evrópufarsíma, sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/527/EB fellir úr gildi frá 10. júlí 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/12/EBE, um sameiginlega tæknilega reglugerð varðandi almennar kröfur um notkun talsíma fyrir almennan Evrópufarsíma, sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4t (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/639/EBE) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4u. **397 D 0526:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/526/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna stafræns almenns Evrópufarsíma (2. útgáfa ) (Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 54).
- 4v. **397 D 0527:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/527/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um kröfur vegna talsímaþjónustu með stafrænum almennum Evrópufarsíma (2. útgáfa) (Stjtið. EB L 215, 7.8.1996, bls. 57).
- 4w. **397 D 0528:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/528/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna farstöðva sem ætlaðar eru til notkunar með almennum Evrópufarsímanetum, II. áfanga, og starfa á DCS 1800-sviðinu (Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 60).
- 4x. **397 D 0529:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/529/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um kröfur vegna talsímaþjónustu með farstöðvum sem ætlaðar eru til notkunar með almennum Evrópufarsímanetum, II. áfanga, og starfa á DCS 1800-sviðinu (Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 65).”.

##### 2. gr.

Texti liðar 4a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/11/EB) og liðar 4b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/12/EB) falli niður með gildistöku frá 10. júlí 1998.

---

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 65.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 97/526/EB, 97/527/EB, 97/528/EB og 97/529/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júlí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbaso

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner